

HAFNARFJARÐARBÆR
Umhverfis- og
skipulagsþjónusta



www.hafnarfjordur.is



Ásvellir

18. fundur starfshóps um uppbyggingu Ásvöllum var haldinn á Ásvöllum, þann 20. júní 2017 kl. 17:20.

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

Helga Ingólfssdóttir, formaður	HI	
Helga B Arnardóttir	HBA	forföll
Friðþjófur H Karlsson	FHK	forföll
Sverrir Jörstad Sverrisson	SJS	varamaður
Samúel Guðmundsson	SG	
Þorgeir Haraldsson	ÞH	forföll
Ingimar Haraldsson	IH	var ekki (er varamaður)

Með starfshópnum starfa:

Sigurður Haraldsson	SH	Sviðsstjóri -
Geir Bjarnason	GB	íþróttafulltrúi
Magnús Gunnarsson	MG	Framkvæmdastjóri Hauka

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Bréf Hauka til Hafnarfjarðarbæjar.

Á síðasta fundi starfshópsins (sjá fundargerð 17) var rætt um beiðni Hauka með bréfi dags 12. des 2016 um að eignarhlutur nýs æfingahúss verði 100 % í eigu Hafnarfjarðarbæjar en fram að þessu hefur verið unnið út frá því að Haukar leggi fram 10% eigið fjárframlag samkvæmt 90/10 reglunni í samræmi við 7. gr. samnings ÍBH við Hafnarfjarðarbæ.

Starfshópur um uppbyggingu að Ásvöllum gerir ekki fyrir sitt leyti athugasemdir við breytt fyrirkomulag á eignarhaldi enda ákvörðun þar að lútandi á höndum bæjarstjórnar en leggur áherslu á að verði beiðni félagsins samþykkt muni Hafnarfjarðarbær greiða samkvæmt gildandi samkomulagi fyrir þá verkþætti sem lokið hefur verið við að hálfu félagsins en síðan muni Hafnarfjarðarbær taka yfir þá verkþætti sem ekki hefur verið lokið við en fyrir liggur samkomulag milli aðila um þá efnis- og verkþætti sem Haukar tóku að sér sem sitt 10% framlag til verksins.

Fulltrúar Hauka leggja áherslu á að ef ákvörðunin verði samþykkt – það er að breyta eignarhaldi vegna æfingarhússins, að Hafnarfjarðarbær reyni að ljúka uppgjöri við Hauka á þessu ári vegna hönnunar og loftræstisamstæða.

2. Eignaskiptasamingur.

Þegar ákvörðun liggur fyrir vegna liðar 1, verður eignaskiptasamningi milli aðilia lokið.

3. Þreksalur/lyftingarsalur.

Starfshópurinn leggur áherslu á að hljóðhönnun fari fram vegna salarins, því að eins og salurinn er þá uppfyllir hann ekki kröfur til hljóðvistar.

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:20